

**Viðmið í lögfræði**  
**Lagadeild Háskólans í Reykjavík**

- **Ágúst 2007**

## ML (þrep 2, stig 4)

Við lok meistaraþrófs í lögfræði (ML) skal eftirfarandi viðmiðum náð til viðbótar þeim viðmiðum sem náð var á fyrra stigi:

### Þekking og skilningur

Að námi loknu

- hefur nemandi þá fræðilegu þekkingu og þá reynslu af beitingu lögfræðilegrar aðferðafræði að hann geti leyst úr lögfræðilegum álitaefnum á öllum sviðum lögfræðinnar.
- hefur nemandi öðlast heildarmynd af lögfræðinni og verulega reynslu af beitingu hennar á ákveðnum sviðum.
  - o hefur nemandi, vegna fjölþætts vals um áherslur og námsleiðir, átt kost á að bæta verulega við grunnþekkingu sína í lögfræði frá BA stigi og dýpka hana á tilteknum sviðum á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar.
  - o hefur nemandi átt kost á að afla sér verulegrar sérhæfingar innan lögfræðinnar. Í ML námi er lögð áhersla á að bjóða námskeið og málstofur á sviði:
    - alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta
    - dómstóla og málflutnings
    - fjármunaréttar
  - o hefur nemandi öðlast skilning á nýjustu þekkingu í lögfræði.
- hefur nemandi hlotið þjálfun í greinandi og gagnrýninni lögfræðilegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum.
  - o hefur nemandi því skýrari sýn á aðferðafræði og vísindaleg vinnubrögð en þeir sem lokið hafa BA námi eingöngu.
- hefur nemandi skilning á samfélagslegri þýðingu og áhrifum fræðigreinarinnar og samfélagslegum áhrifum mismunandi lausna á lögfræðilegum viðfangsefnum.
- skilur nemandi mikilvægi þess að hafa siðferðilegar grundvallarreglur í heiðri í öllum störfum sínum.
- hefur nemandi þekkingu á samþættingu lögfræðinnar við aðrar háskólagreinar.

Að námi loknu uppfyllir nemandi almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda, enda hafi hann einnig BA próf í lögfræði.

Að námi loknu hafa þeir nemendur sem lokið hafa ML námi en hafa grunnháskólanám á öðrum sviðum en lögfræði þekkingu til að starfa að lögfræðilegum málefnum í atvinnulífinu.

Að námi loknu uppfylla nemendur almenn menntunarskilyrði til að hefja doktorsnám

### Tegund þekkingar

Að námi loknu

- hefur nemandi öðlast þekkingu á heildarmynd lögfræðinnar, byggðri á nýjustu upplýsingum og rannsóknum, og verulega reynslu af beitingu hennar á ákveðnum sviðum.
  - o hefur nemandi átt þess kost að bæta verulega við grunnþekkingu sína í lögfræði frá BA stigi og dýpka hana á tilteknum sviðum á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar.

- hefur nemandi átt kost á að afla sér verulegrar sérhæfingar innan lögfræðinnar. Í ML námi er lögð áhersla á að bjóða námskeið og málstofur á sviði:
  - Alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta
  - Dómstóla og málflutnings
  - Fjármunaréttar
- hefur nemandi átt kost á að tileinka sér þekkingu með
  - þátttöku í hefðbundnum námskeiðum, kjörgreinum, við lagadeild HR.
  - námi við erlenda háskóla.
  - þátttöku í málstofum sem m.a. tengjast rannsóknaverkefnum kennara.
  - starfsnámi sem er skipulagt í samvinnu lagadeildarinnar við stofnanir og fyrirtæki.
  - þátttöku í rannsóknarverkefnum.
  - námi í öðrum greinum en lögfræði.
  - meistaraþrófsritgerð
- hefur nemandi hlotið þjálfun í greinandi og gagnrýninni lögfræðilegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum.
  - er nemandi því meðvitaðri og skýrari í vinnubrögðum og aðferðafræði en þeir sem lokið hafa BA námi eingöngu.
- hefur nemandi þá fræðilegu þekkingu og þekkingu á lögfræðilegri aðferðafræði að hann getur leyst úr lögfræðilegum álitaefnum á öllum sviðum lögfræðinnar jafnt á sviði íslensks og alþjóðaréttar.
- hefur nemandi þekkingu á samþættingu lögfræðinnar við aðrar háskólagreinar.
- hefur skilning á tengslum íslensks og erlends réttar og á alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun.

## **Hagnýt hæfni**

### Að námi loknu

- hefur nemandi fræðilega þekkingu og reynslu af beitingu lögfræðilegrar aðferðafræði sem gerir honum kleift að leysa úr álitaefnum á öllum sviðum lögfræðinnar á grundvelli lögfræðilegrar aðferðafræði, að teknu tilliti til allra réttarheimilda, siðferðilegra gilda og samfélagslegra áhrifa.
- getur nemandi því beitt fræðilegri þekkingu á hagnýt viðfangs- eða álitaefni.
  - hefur nemandi hlotið umfangsmikla þjálfun í úrlausn raunhæfra viðfangsefna.
- veit nemandi hvar á að leita lögfræðilegra upplýsinga og meta gildi þeirra.
- áttar nemandi sig á því að færa má rök fyrir margvíslegum niðurstöðum og getur valið með rökstuddum og málefnalegum hætti milli fleiri en einnar tækrar leiðar, m.a. m.t.t. samfélagslegra áhrifa mismunandi leiða.
- leitað sér upplýsinga og metið gildi þeirra.

## **Fræðileg hæfni**

### Að námi loknu

- getur nemandi greint hvaða álitaefni koma upp í fræðilegu samhengi eða í tilteknum aðstæðum á öllum sviðum lögfræðinnar og lýst þeim.
- getur nemandi leyst úr þessum álitaefnum með viðurkenndum aðferðum enda hefur hann hlotið þjálfun í greinandi og gagnrýninni lögfræðilegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum.

- er nemandi því meðvitaðri um aðferðafræði og vinnubrögð en þeir sem lokið hafa BA námi eingöngu.
- hefur nemandi góð tók á lögfræðilegri aðferðafræði og vinnubrögðum við vísindarannsóknir.
- nemandi áttar sig á því að færa má rök fyrir margvíslegum niðurstöðum og getur valið með rökstuddum og málefnalegum hætti milli fleiri en einnar tækra leiða, m.a. m.t.t. samfélagslegra áhrifa mismunandi leiða.
- hefur nemandi, vegna fjölpætts vals um áherslur og námsleiðir, átt kost á að bæta verulega við grunnþekkingu sína í lögfræði frá BA stigi og dýpka hana á tilteknum sviðum á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar.
- hefur nemandi skilning á samfélagslegri þýðingu og áhrifum fræðigreinarinnar og samfélagslegum áhrifum mismunandi lausna á lögfræðilegum viðfangsefnum.
- skilur nemandi mikilvægi þess að hafa siðferðilegar grundvallarreglur í heiðri í öllum störfum sínum.
- hefur nemandi skilning á samþættingu lögfræðinnar við aðrar háskólagreinar.
- getur nemandi aflað sér staðgóðrar þekkingar á nýjum sviðum hratt og örugglega.
- hefur nemandi tileinkað sér vinnubrögð sem hægt er að beita alls staðar
  - hann getur aflað sér þekkingar og endurnýjað þekkingu sína og áttar sig á að það er viðvarandi verkefni.
- leitað sér upplýsinga og metið gildi þeirra.
- getur nemandi hafið doktorsnám í lögfræði.

### **Hæfni til samskipta, upplýsingalæsi og miðlun**

Að námi loknu getur nemandi

- sýnt frumkvæði og hefur hlotið þjálfun í röksemdafærslu og framsögn, enda hefur verið ætlast til virkar þátttöku í umræðu og verkefnavinnu.
- samið lagaleg skjöl og ákvarðanir.
- skrifað vísindalegar ritgerðir eða greinar þar sem faglegra, vísindalegra og siðlegra vinnubragða er gætt.
- unnið sjálfstætt, einn eða með öðrum og leitt hóp innan eða utan síns fræðasviðs.
- unnið markvisst og skipulega.
- leitað sér upplýsinga og metið gildi þeirra.
- aflað sér staðgóðrar þekkingar á nýjum sviðum hratt og örugglega.
- miðlað þekkingu sinni, greiningu á álitaeftum og niðurstöðum til samstarfsmanna, almennings og vísindasamfélagsins.
- notað rafræna miðla í námi og starfi.

### **Námshæfni**

Að loknu námi

- hefur öðlast þá þekkingu og þjálfun í beitingu lögfræðinnar og svo sjálfstæð vinnubrögð að hann geti hafið doktorsnám.
- getur nemandi aflað sér staðgóðrar þekkingar á öllum sviðum lögfræðinnar hratt og örugglega.
- hefur nemandi tileinkað sér vinnubrögð sem hægt er að beita á öllum sviðum lögfræðinnar.
- getur nemandi aflað og endurnýjað þekkingu og áttar sig á að það er viðvarandi verkefni.

- Þekkir nemandi grunnforsendur vísindastarfs og getur því aflað sér grunnþekkingar á öðrum fræðasviðum um leið og hann virðir sérþekkingu annarra jafnt og sína eigin.